

Stóra upplestrarkeppnin 1998–1999

Lesefni við lokahátíð

Fyrsta umferð:

Tvær sögur eftir Þórarín Eldjárn
úr smásagnasafninu *Sérðu það sem ég sé?* (1998):

Arnsúgur og

Fermingardrengurinn sem var ekki sama.

Sögnum er skipt miðað við **12** keppendur. Keppendur flytja sögurnar sem heild. Þeir lesa sinn kafla beint af augum en lesa fyrirsgagnir þar sem þær eru.

Önnur umferð:

Fjögur ljóð eftir Jónas Hallgrímsson.
Keppendur lesa eitt ljóð að eigin vali.

Þriðja umferð

Keppendur lesa eitt ljóð algerlega að eigin vali,
hefðbundið eða óhefðbundið, nýtt eða gamalt.

Leiðbeiningar

Umsjónarmaður upplestrarkeppinnar á hverjum stað skipuleggur röð lesara. Hver lesari fær þetta hefti í hendur með minnst tíu daga fyrirvara og undirbýr flutning á þeim köflum sem lesnir verða.

1. Arnsúgur

Hún hafði oft heyrt af því sögur að ernir tækju lömb og jafnvel börn, en hún sá hann ekki þegar hann kom og hafði því ekkert ráðrúm til að verða hrædd, enn síður gat hún reynt að forða sér eða hrekja hann burt. Hún heyrði aðeins þennan undarlega þyt sem hún hélt í fyrstu að væri vindurinn þar sem hún sat að morgni dags í túnjaðrinum niður undan bænum frammi á fjörुकambi og horfði út á sjóinn. Þennan þunga kalda þyt sem hún gat ekki gleymt upp frá því, arnsúginn.

Það blés líka talsvert og virtist vera að auka í, dökkir strengir hrísluðust um hafflötinn og æ meir skein í hvítt. Svo kom þessi skuggi sem umlukti hana og það setti að henni hroll. Fyrst hélt hún að ský hefði dregið fyrir hikandi vorsólina og skyggði á einmitt þennan blett þar sem hún sat á þessum morgni. Hún ætlaði að færa sig, en um leið læsti hann í hana klónum og hún fann það eitt hvernig hún sveif með ógnarhraða beint upp í loftið. Hún var svo dúðuð að hann meiddi hana ekkert. Mamma hennar hafði fært hana í hverja þrjónafílkina utan yfir aðra þar til hún var orðin næstum eins og garnhnykill. Eftir að litlibróðir druknaði í læknum vildi mamma hennar alltaf vera að passa hana fyrir öllu. Hún mátti varla víkja neitt frá bænum, ekki klifra, ekki vaða, ekki fara of nálægt sjónum, ekki láta sér verða kalt og svo þurfti hún ævinlega að vera með þessa rauðu húfu til að hún sæist betur.

2.

Það var sama hve stutt úr sjónmáli frá bænum hún vék sér, um leið var mamma hennar tekin að kalla og leita og áminna, en nú þurfti hún svo mikið að sinna litla barninu sem var alltaf veikt og átti varla eftir að endast miklu lengur en öll hin. Það hafði verið þessu nýja barni að kenna að brói fór í lækinn. Mamma hennar gat ekki gætt hans nógu vel og hann slapp út og fór að vaða.

Hún sá þessa ógnarlegu vængi sem börðust hvor sínum megin við hana og hugsaði hvort hún væri ef til vill líka dái og orðin engill, en það gat ekki verið svona, þá verður maður kaldur og blár og er settur ofan í jörðina, en hún var á leiðinni upp. Og nú gleymdi hún öllu öðru yfir því sem hún sá: Hún sá bæinn heima orðinn að pínulítili þúfu og fjöllin voru að fletjast út og hverfa og nýir dalir og skorningar birtust alstaðar á milli þeirra og barna var hann enn þá allur snjórinn frá því í vetur. Miðja vegu yfir firðinum opnaðist henni sýn inn í dalinn þar sem hún átti eftir að setjast að fulltíða kona.

3.

Tilfinningin sem gagntók hana á fluginu var einhvers konar óumræðileg fagnaðarkennd, spunnin úr upplýfingu eða upphafningu, henni fannst hún frá sér numin í annarlegu sæluástandi sem hún mundi æ síðan og varð henni eilíf viðmiðun. Hún óskaði þess heitast að því ætti aldrei eftir að linna, en varð ekki að ósk sinni, því nú fann hún ekki betur en fuglinn væri farinn að dala. Þau voru beint yfir eyjunni og hún sá hvernig landið nálgast óðfluga, eins og hún togaðist í átt að því og um leið umbreyttist sælukenndin í hræðslu. Fuglinn sleppti henni rétt áður en þau lentu, hún skall niður í urð og hruflaðist lítillega á hnjám og höndum og fór að háorga svo fuglinn flæmdist frá henni, settist aðeins ofar í urðina þarna uppi á brattanum og beið þar átekta. Það var eins og af honum væri dregið.

Hún skildi að nú var hún alein hérna úti í eyju og kæmist ekki upp klettana til að biðja fólkíð í eyjunni um hjálp, bæirnir voru líka í hinum endanum og hingað kæmi enginn. Þegar hvellurinn heyrðist og örninn hóf sig til flugs á ný hljóp hún því spölkorn í áttina á eftir fuglinum og baðaði út öllum öngum áður en hún datt, eins og hún vildi biðja hann að taka sig aftur, að skilja sig ekki eftir.

4.

- Sjáið þið össu, æpti formaðurinn sem hafði legið í skut og dottað, er hún ekki með lamb í klónum helvíski!

Ræðararnir lyftu árum og litu allir um öxl og rétt náðu að sjá hvar fuglinn settist efst á brattann með byrði sína. Fuglinn gnæfði við loft, en byrðina eygðu þeir ekki lengur. Þeir voru skammt norðan við eyjuna á leið úr róðri til síns heima á ströndinni vestan fjarðar.

- Lamb? Ég sá þá ekki betur en það væri með rauða húfu, sagði sá þeirra sem yngstur var og best sýndur.

- Vísast blóð, sagði formaðurinn, þær eru nú hreint ekki að sýta það össurnar.

Hann var æ meir tekinn að hvesa og því engan veginn einsýnt að þeir legðu lykku á leið sína og kæmu við í eygni til að reyna að bjarga einu lambi. Það var líka harla ósennilegt að líf leyndist með því. En sá sem húfuna hafði séð sat fast við sinn keip og sagði það ekkert blóð hafa verið og auk þess hefði fengur össu verið furðulega stór af lambi að vera. Þeir yrðu að hyggja að þessu hvað sem það kostaði. Hann var kappsfullur og tillögugóður og fékk þessu ráðið.

Meðan þeir reru að eygni hóuðu þeir og góluðu án afláts og formaður hleypti af byssunni. Við það styggðist örninn og flaug nú tómklóa vestur yfir fjörð og hvarf þeim fljótt sýnum.

Þeir tóku land og tveir þeir knáustu voru sendir upp einstigið. Þeir komu þar að sem stúlkan lá í öngviti og mikið rétt með rauða húfu.

5.

Hún hjarnaði ekki við fyrr en þeir voru komnir með hana niður í bátinn. Enginn kannaðist við hana, þeir vissu fyrir víst að hún væri ekki úr eygni og ekki af vesturströndinni, þekktu hins vegar lítið til á bæjunum fyrir handan, en þegar hún tók að braggast gat hún sagt þeim að hún væri úr Nesi. Þó þeim sýndist hann vera að rjúka illilega upp fannst þeim ekki annað gerandi en að róa tafarlaust austur um og skila barninu til síns heima.

Veður fór versnandi og þegar þeir voru komnir upp undir lendinguna í Nesi létu þeir því nægja að fela vaskasta manninum að vaða með hana síðasta spólinn í land meðan hinir stungu við, þeir vildu ekki festa bátinn og ekki brjóta hann og urðu líka að hraða sér áður en gerði haugasjó.

Um leið og hún hafði keifað upp fyrir fjörुकambinn alein kom móðir hennar hlaupandi á móti henni með reiðibragði og fagnaðarlátum í senn og þráspurði hana:

- Hvar hefurðu verið barn? Eins og við erum búin að leita, pabbi þinn er uppi í fjalli og piltarnir gengu upp með læknum og allir eru frá verki. Hvar hefurðu verið, svaraðu barn, sagði hún og hristi hana til, en tókin breyttust í faðmlög. Hvernig hruflaðirðu þig svona, varstu að klifra? Ég var svo hrædd, þú mátt ekki gera mig svona hrædda, ég hélt ég ætti að missa þig líka, nú þegar litla systir er loks farin að hjarna við.

6.

Hún ætlaði að fara að segja upp alla söguna og var byrjuð:

- Það kom ...

En hún áttaði sig um leið á því hversu fráleitt það var að nokkur tryði henni, mennirnir voru líka hornfir lengst út á sjó. Hún vildi ekki fá skömm í hattinn fyrir skrök og bull ofan á allt annað svo hún hélt áfram:

- Það kom í mig ... svo mikil syfja að ég sofnaði bara hérna í túnfætinum og mig fór að dreyma, og svo hrasaði ég í fjörinni þegar ég vaknaði.

Og er árin liðu fór hún jafnvel að halda sjálf að svo hefði verið. Allt þar til hún flutti í dalinn og áði efst á hálsinum og þekkti þá alla bæina á ný eins og örninn hafði sýnt henni í æsku. Sem húsfreyja í dalnum hitti hún líka síðar þann fráneyga sem séð hafði rauðu húfuna fyrstur og síðan vaðið með hana í land. Hann var nú gildur bóndi þar í sveit, og saman rifjuðu þau hjóðlega upp söguna. En bátsmenn höfðu á sínum tíma ákveðið að þegja um atvikið svo þeir hlýtu ekki ámæli fyrir að hafa sleppt því að gera viðvart í Nesi. Aldrei nefndi hún þetta samt við mann sinn og börn, af hlífð við björgunarmenn sína.

Fjörgömul tók hún loks að segja barnabarnbörnum sínum frá þessu atviki, en allt var það talið tómmt rugl og elliórar og sagan hefur því ekki varðveist.

7. Fermingardrengurinn sem var ekki sama

Einu sinni var fermingardrengur úr plasti. Þeir voru tuttugu og fimm saman í poka í skúffu bakarans og allir nákvæmlega eins nema þessi eini. Innra með honum leyndist framleiðslugalli, örsmátt holrúm með einhverjum hálfdeigum kjarna sem olli því að honum var ekki sama. Og um hvað var honum ekki sama? Jú, honum var ekki sama um neitt. Honum var ekki sama um myrkið í skúffunni, ekki sama um skeytingarleysi, lífsfiringu og lítilþægni bræðra sinna í pokanum, honum var ekki sama um hávaðann í hræri vélunum, skellina í bökunarplötunum, pilluátið og dropa-fylliríð á bakarunum.

Auðvitað stóð honum heldur ekki á sama um sitt ætlunarverk, að tróna efst á kransaköku í fyllingu tímans og gnæfa þannig yfir drekkhlaðið allsnægtaborð í glæsilegri fermingarveislu á sigurdegi lífs síns. Þetta fannst honum vissulega fagurt hlutverk og göfugt og vildi leysa það sem allra best af hendi, en það bara nægði honum ekki. Hann þráði eitthvað meira, eitthvað æðra og fegurra, svo var framleiðslugallanum fyrir að þakka, eða um að kenna, allt eftir því hvernig á það er litið. Honum var alls ekki sama.

8.

En minnst af öllu var honum sama um eina tiltekna fermingarstúlkuna í öðrum plastpoka í sömu skúffu þar sem einnig voru pokar með stúdentum og brúðhjónum. Þær voru að vísu tuttugu og fimm saman þessar fermingarsystur og fljótt á litið gat virst sem einnig þær væru allar nákvæmlega eins. En þessi eina hafði legið þétt upp að honum allan veturinn og þess vegna var hún orðin öðruvísi en hinar. Þau höfðu horftst í augu gegnum plastið þarna í skúffunni miðri alltaf þegar hún var opnuð. Í mykrinu gat hann líka fundið hvernig mótaði fyrir henni. Þó snertingin væri frekar óljós gegnum tvöfaldan plastvegg pokanna fann hann samt vel að honum var ekki sama um hana og oft var hann að vona að henni væri heldur ekki sama um hann.

Stundum var skúffan opnuð af misgáningi, en annars nokkuð jafnt og þétt yfir árið, mest þó á sumrin, þegar bakarinn var að sækja sér ný hjón úr brúðhjónapokanum. Tvisvar á ári, um útskriftarleytið, var líka mikið farið í stúdentapokana. Fermingardrengnum fannst gott að losna öðru hverju við drjúgan skammt af þessum merkikertum og sperrileggjum með hvítu húfurnar fastgrónar við höfuðið. Þau þóttust merkileg vegna menntunar sinnar, sem reyndar engin var umfram hinna, því allt var þetta fólk nú bara ættað úr sömu skúffunni, úr sömu plastmólekúlum og sömu deiglu.

9.

Nei hann langaði ekkert til að verða stúdent. Það hafði aðeins einu sinni gerst að fermingardrengur hlyti slíka meinta upphefð. Þá höfðu stúdentarnir verið búnir þegar ein þöntun bættist við á síðustu stundu. Stúlka í bakarínu hafði bjargað máluinum. Hún tók efsta fermingardrenginn úr pokanum og bjó til á hann húfu úr hvítum plasttappa af pilluglasi bakarans. Á tappanum var lítill flipi sem hún gat gert að deri með því að lakka hann með svörtu naglalakki. Svo hafði þetta merkilega höfuðfat verið límt á hausinn á verðandi stúdent með tonnatak. Sá hafði nú aldeilis verið rogginn þegar hann yfirgaf bakaríð ófermdur nýstúdent. En svo spurðist aldrei neitt meira af honum. Ekkert frekar en öllum hinum sem áður voru farnir, og til hvers var þetta þá eiginlega allt saman?

Aftur á móti fór það að gerast æ oftar eftir að hann kynntist fermingarstúlkunni einu að hann sá þau tvö fyrir sér sem brúðhjón. Hann hafði lengi þróað að komast úr skúffunni út í heim, en nú fann hann að hann langaði ekki lengur þaðan nema þau færu saman. Þetta var ekki aiveg eins fráleitt og þið haldið, því stundum kom það líka fyrir að brúðhjónapokinn tæmdist. Þá var venjan að taka einmitt fermingardreng og stúlku og festa fótplötur þeirra saman hlið við hlið með bræddum sykri á pappaspjald. Svo var útbúið slör á brúðina úr silkippappír. Stúdentarnir voru auðvitað ótækir í þetta, enda ekki hægt að ná af þeim húfunum. Þeir dugðu því ekki nema í þeim örfáu tilfellum þegar nýstúdentar voru að giftast innbyrðis um leið og þeir útskrifuðust og beinlínis óskað eftir að hvort tveggja kæmi fram. En vitaskuld er það alltof ungt.

10.

Svo kom vor og enn ein fermingarhrinan hófst. Kransakökur urðu til á færíbandi og veittu bakaranum harða samkeppni um mündludropana. Skúffan stóð meira og minna opin allan sólarhringinn og fermingardrengurinn gat stundum horft heilu dagana í haugu Hinnar einu. Honum var minna og minna sama og hann þjáðist yfir að vita ekki hug hennar.

En loks gerðist það svo einn daginn að röðin var komin að þeim. Og víti menn: Þessi tvö voru gripin upp úr pokum sínum samtímis og tildrað hvoru efst á sína kransaköku sem stóðu saman á bakka. Og þannig fylgdust þau að í bílnum í samkomuhús úti í bæ þar sem slegið hafði verið saman í veglega fermingarveislu frændsystkina.

Fermingardrengurinn var alsæll í upphafi veislunnar. Þarna stóðu kökurnar hlið við hlið á miðju veisluborðinu og þeim hafði verið snúið þannig að þau horfðust í augu, hann og Hin eina. Og ekki minnkaði sælan eftir að frændsystkinin höfðu verið látin taka fyrsta bitann af kökunum, þá voru þau plastfólkið að vísu tekin ofan, en stíllt upp hlið við hlið enn þá nær hvort öðru. Nú komst hann að því að Hin eina var enn fegurri en honum hafði allan tímann sýnst hún vera í myrkrunu eða gegnum plastið. Hann varð þess fullviss að henni gæti ekki heldur verið sama. Svona geta nú framleiðslugallar leikið menn grátt.

11.

Þegar veislan var búin og verið var að hreinsa af borðinu fengu litilbróðir og litlasystir hinna nýfermdu að eiga þau. Fermingardrengurinn fylltist örvæntingu þegar hann sá Hina einu hverfa burt í krepptum lófa litlusystur rétt áður en hann sjálfur hvarf ofan í dimman og hlandlyktandi vasa litilbróður. Ekki tók svo betra við þegar hann skömmu síðar var kominn á sitt nýja heimili og slapp loks upp úr vasanum. Litilbróðir reyndi fyrst að þröngva honum inn í ýmis farartæki og vélar og ætlaðist til að hann væri ýmist vagnstjóri, traktorstjóri, gröfumaður eða flugmaður. Hann var ekki hæfur í neitt af þessu. Það var ekki nóg með að hann væri réttindalaus heldur gat hann ekki einu sinni sest niður.

Þegar litilbróðir áttaði sig á því hve óþjáll hann var þessi nýliði, fleygði hann honum vonsvikinn ofan í kassa sem var fullur af tindátum og pleimókörllum og auk þess mörgum hryllilega útlítandi skjaldbökömönnum, aksjónmönnum, súpermönnum, kóngulóarmönnum og leðurblökumönnum. Þessi lýður hafði ekki græna glóru um það hvaða stöðu hann hafði gegnt í veislunni miklu fyrir um daginn og sendi honum óspart tóninn. Þeir kölluðu hann þenan fermingardreng, sem hann skildi ekki að gæti verið skammaryrði, en líka rindil og gelding og fleira í svipuðum dúr. Honum var alls ekki sama um þessar aðdróttanir þó auðvitað væru þetta ekki merkilegir pappírar.

12.

Nóttin varð skelfileg. Um leið og ljósín höfðu verið siökkt og litlirbróðir var sofnaður upphófst ein allsherjar orgía og ólífnaður hjá þessum fígúrum í kassanum. Hann gat hvorki lokað augum né eyrum og mátti því þola að verða vitni að hegðan þeirra þó blessunarlega væri hann sjálfur látinn í friði. Fæst af þessu skildi hann, en heyrði þó af hijóðunum að ekki var það fallett. Hann sá bara það sem leðurblöku-maður og kóngulóarmaður voru að gera hvor við annan rétt við hliðina á honum í kassanum og það var svo ljótt og ógeðslegt að hann hafði aldrei geta trúað því. Er þá lífið svona? hugsaði fermingardrengurinn.

Það var því næstum eins og frelsun daginn eftir þegar hann var tekinn með í indjánaleik út í garð og litlirbróðir lét indjánana binda hann við staur og kveikja í honum. Hann bráðnaði fíjött með svörtum reyk og vondri lykt og varð að ljótri plastklessu. Þegar eldurinn kom að framleiðslu-gallanum var ofurlítill sprenging og heyrðist hviss. Þá fór litlirbróðir að hlæja og lét einn indjánann segja að hjartað í bleiknef hefði sprungið.

Þannig fór um hann. Og samt munaði svo litlu að þau næðu saman. Litlasytir frænkunnar kom í heimsókn seinna um daginn og hafði með sér Hina einu. Hún hafði hugsað sér að stinga upp á því við litlirbróður að þessi tvö yrðu hjón.

Þegar litlasytir heyrði hvernig komið var og fékk að sjá plastklessuna fór hún að gráta. Þá fór amma þeirra út í bakarí og tókst að fá bakarann til að gefa sér nýjan fermingardreng. Sá drengur og Hin eina urðu að vísu hjón um stund, en það entist ekki og báðum var víst alveg sama.

Ljóð eftir Jónas Hallgrímsson

Jónas Hallgrímsson fæddist árið 1807 að Hrauni í Öxnadal. Jónas hefur um langan aldur verið dýrkaður og dáður sem eitt helsta skáld Íslendinga frá öndverðu og þegar talað er um listaskáldið góða vita allir við hvern er átt.

Með ljóðum sínum hafði Jónas gríðarleg áhrif á íslensku þjóðina. Hann kenndi henni öðrum skáldum fremur að meta íslenska náttúru og fegurð íslenskrar tungu. Hann var þannig einn þeirra sem lagði grundvöllinn að sjálfstæði þjóðarinnar sem kann að meta framlag hans að verðleikum. Jónas er skáld Stóru upplestrakeppinnar og má minna á að 16. nóvember, fæðingardagur hans, er dagur íslenskrar tungu og upphafsdagur keppinnar ár hvert.

Dalvísa

Fífilbrekka! gróin grund!
grósug hlíð með berjalautum!
flóatetur! fifusund!
fífilbrekka! smáragrund!
yður hjá eg alla stund
uni bezt í sæld og þrautum,
fífilbrekka! gróin grund!
grósug hlíð með berjalautum!

Gjúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í klettabröngum!
góða skarð með grasa hnoss!
gjúfrabúi, hvítur foss!
verið hefir vel með oss,
verða mun það enn þá löngum,
gjúfrabúi, gamli foss!
gilið mitt í klettabröngum!

Bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!
Sólarylur, blíður blær,
bunulækur fagurtær!
yndið vekja ykkur nær
allra bezt í dalnum frammi,
bunulækur blár og tær!
bakkafögur á í hvammi!

—

Sæludalur, sveitin bezt!
sólin á þig geislum helli,
snemma risin seint er sett.
Sæludalur, prýðin bezt!
þín er grundin gæðaflest,
gleðin æsku, hvíldin elli.
Sæludalur, sveitin bezt!
sólin á þig geislum helli!

Ásta

Ástkaera, ylhýra málið,
og allri rödd fegra,
blíð sem að barni kvað móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
orð áttu enn eins og forðum
mér yndið að veita.

Veiztu það, Ásta, að ástar
þig elur nú sólin?
Veiztu, að heimsaugað hreina
og helgasta stjarnan
skín þér í andlit og innar
albjört í hjarta,
vekur þér orð, sem þér verða
vel kunn á munni?

Veiztu, að lífið mitt, ljúfa,
þér liggur á vörum?
Fastbundin eru þar ástar
orðin blessuðu.
Losa þú, smámey! úr lási
lítinn bandingja;
sannlega sá leysir hina
og sælu mér færir.

Hornbjarg

Yzt á Hornströndum heitir
Hornbjarg og Kópatjörn;
þeir vita það fyrir vestan,
þar verpir hvítur örn.

Um sumarnótt, er sveimar
sól yfir norðurslóð
og þoka sigur um sjóinn,
hann situr rauður sem blóð.

Og örninn lítur ekki
o'ñ á hið dimma haf,
og horfir í himinljómann; —
hafskipið sökkuð í kaf.

Drangey

Tíbrá frá Tindastóli
titrar um rastir þrjár;
margt sér á miðjum firði
Mælifellshnúkur blár.

Þar rís Drangey úr djúpi,
dunar af fuglasöng
bjargið, og báðumegin
beijandi hvalabröng.

Einn gengur hrútur í eyggi;
Illugi Bjargi frá
dapur situr daga langa
dauðvona bróður hjá.

Tómasarhagi

Tindrar út Tungnafellsjökli;
Tómasarhagi þar
algrænn á eyðisöndum
er einn til fróunar.

Veit eg áður hér áði
einkavinurinn minn, —
aldrei riður hann oftar
upp í fjallhagann sinn.

Spordrjúgur Sprengisandur, —
og spölu er út í haf;
háfa leið hugurinn ber mig;
það hallar norður af.

Sláttuvísa

Fellur vel á velli
verkið karli sterkum,
syngur enn á engi
eggjuð spík og rýkur
grasið grænt á mosa,
grundin þýtur undir,
blómin bíða dóminn
bítur ljár í skára.

Gimbill gúla þembir,
gleður sig og kveður:
„Veit eg, þegar vetur
vakir, inn af klaka
hnyfill heim úr drífu
harður kemst á garða,
góðir verða gróðar
gefnir sauðarefni.“

Glymur ljárin, gaman!
Grundin þýtur undir,
hreyfir sig í hófi
hrífan létt mér ettir,
heft er hönd á skafti,
höndin ljósrar drósar.
Eltu! áfram haltu!
Ekki nær mér, kæra!

Arfi lýtur orfi,
allar rósir falla,
stutta lífið styttir
sterkur karl í verki, —
Heft er hönd á skafti,
hrífan létt mér ettir!
Glymur ljárin, gaman!
Grundin þýtur undir.